

Reykjavík, 27. febrúar 2017
R17020200
670

Borgarráð

Verkefnislýsing verkefnisins Hverfið mitt 2017.

Verkefnislýsing verkefnisins Hverfið mitt 2017 er lögð fram til kynningar. Verkefnislýsingin var samþykkt í Stjórnkerfis- og lýðræðisráði þann 20. febrúar sl.

Oddrún Helga Oddsdóttir

Hjálagt:
Verkefnislýsing verkefnisins Hverfið mitt 2017.

Hverfið mitt 2017

Hverfið mitt 2017 er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Verkefnið hefst í febrúar 2017 og stendur fram í september 2018.

Íbúar geta tekið þátt og fylgst með verkefninu á samráðsvefnum www.betrireykjavik.is, á Facebook: <http://www.facebook.com/Betri.Reykjavik>, í Framkvæmdasjá <http://reykjavik.is/framkvaemdir-i-reykjavik-framkvaemdasja> eða í gegnum sína þjónustumiðstöð eða hverfisráð.

Hvaða hugmyndafræði liggur að baki?

Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði, þáttökulýðræði, þáttökufjárhagsáætlunargerð - að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði. Byggt er á reynslu fyrri ára en jafnframt leitað í smiðju sérfræðinga og annarra borga um heiminn þar sem þáttökufjárhagsáætlunargerð hefur verið reynd.

Tímasetningar

- | | |
|----------------------|---|
| 15. 2.- 1.3 | Undirbúningur fyrir hugmyndasöfnun |
| 1.3- 24.3 | Hugmyndasöfnun |
| 8.3- 8.6 | Fagteymi USK metur hugmyndir |
| 24.3- 8.4 | Hægt að rökstyðja, ræða og gefa hugmyndir vægi á vefnum |
| 8.5- 8.6 | Fagteymi USK fundar með hverfisráðum |
| 8.6 – 15.6 | Viðbrögð USK við athugasemdum hverfisráða |
| 15.6-30.6 | Hverfisráð stilla upp 25 hugmyndum í hverju hverfi |
| 30.6- 8.9 | Frumhönnun |
| 15.8 -22.9 | Undirbúningur fyrir rafræna atkvæðagreiðslu. Listar með verkefnum útbúnir og kynntir |
| 22.9- 17.10 | Álagsprófanir, prufuathafnir og ræsing kerfis |
| 17.10 -31. 10 | Hverfakosning |
| 6.11- 13.2 | Verkhönnun verkefna og gerð útboðsgagna. Verkefni boðið út, samningar ið verktaka og bækisstöðvar |
| 14.2-14.3 | Útboðsferli framkvæmdar |
| 14.4 – 31.8 | Framkvæmd |
| 1.9.2018 | Verklok |

Skipting fjármagns eftir hverfum

Gert er ráð fyrir 450 milljónum króna til verkefnisins. Fjármagn er eins og áður bundið við smærri nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni.

Til að tryggja minnstu hverfunum lágmarksfjárhæð til umráða er fjórðungi fjárheimildarinnar skipt jafnt milli hverfa. Það fjármagn sem eftir stendur skiptist á milli hverfanna í réttu hlutfalli við íbúafjölda.

Fyrstu 112,5 milljónum er þannig skipt jafnt milli hverfanna tíu og koma því að lágmarki 11,25 milljónir króna í hlut hvers hverfis. Því sem eftir stendur, eða 337,5 milljónum króna, er skipt á milli þeirra 122.001 íbúa sem staðsettir eru í hverfum borgarinnar þannig að í hlut hvers og eins koma kr. 2.766,37. Þessi tala er svo margfölduð með íbúatölu hvers hverfis og fæst þá heildarfjárheimild hverfisins. Fjöldi íbúa og skipting milli hverfa miðast við tölum úr borgarsjá, sóttar í febrúar 2017.*

Hverfið mitt 2017				
Skipting fjármagns eftir hverfum				
Hverfi	Íbúar	Lágmark	Skv. íbúafiörlda	Samtals
Árbær	11.155	11.250.000	30.692.068	41.942.068
Breiðholt	21.363	11.250.000	58.778.543	70.028.543
Grafarholt og Úlfarsárdalur	6.872	11.250.000	18.907.744	30.157.744
Grafarvogur	17.954	11.250.000	49.398.959	60.648.959
Háaleiti og Bústaðir	14.483	11.250.000	39.848.787	51.098.787
Hlíðar	10.052	11.250.000	27.657.254	38.907.254
Kjalarnes	836	11.250.000	2.300.185	13.550.185
Laugardalur	16.044	11.250.000	44.143.750	55.393.750
Miðborg	8.028	11.250.000	22.088.384	33.338.384
Vesturbær	15.877	11.250.000	43.684.264	54.934.264
Samtals:	122.664	112.500.000	337.499.938	449.999.938

* Tölurnar eru byggðar á tölum sem birtust í borgarsjá þann 17. febrúar 2017. Heildaríbúafjöldi var skv. þessu 123.199 en þar af eru 535 íbúar óstaðsettir í hús eða skráðir í sendiráð erlendis. Eftir standa 122.664 íbúi sem dreifast á hverfin skv. meðfylgjandi töflu.

Hugmyndasöfnun 1. -24. mars 2017

Óskað er eftir snjöllum hugmyndum frá íbúum um smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefni í hverfum Reykjavíkur til að kjósa um í verkefninu Hverfið mitt 2017

Markmiðið er að hugmyndirnar:

- nýtist hverfinu í heild.
- kosti ekki meira en er í framkvæmdapotti hverfisins.
- krefjist ekki mjög flókans undirbúnings og framkvæmdar.
- falli að skipulagi borgarinnar og stefnu, sé í verkahring borgarinnar og á borgarlandi.

Hugmyndir geta t.d. varðað:

- umhverfi og möguleika til útivistar og samveru, s.s. bekkir, gróður, útilistaverk, fegrún.
- aðstöðu til leikja eða afþreyingar, s.s. að bæta leiksvæði og endurnýja leiktæki.

- betri aðstöðu til göngu, hjóleiða og notkun almenningsamganga, s.s. stígatengingar, lýsingu, lagfæringu gönguleiða.

Þær hugmyndir sem náð hafa 10 eða fleirum hreinum meðatkvæðum verða metnar af fagteymi umhverfis- og skipulagssviðs sem metur hvort að hægt sé að ráðast í framkvæmdina.

Þegar hugmynd er sett inn á samráðsvefinn www.betriereykjavik.is þarf fyrst að skrá sig á vefinn, velja hverfi og huga að því að heiti hugmynda, staðsetning og lýsing sé skýr. Hægt er að setja inn hugmynd í hvaða hverfi borgarinnar sem er, óháð búsetu. Með sama hætti er hægt að bæta við rökum við hugmynd. Öllum stendur til boða að nota almenningsstölvur í bókasöfnum og þjónustumiðstöðvum borgarinnar í þessu skyni.

Forgangsröðun hugmynda á vef 24. mars – 8. apríl 2017

Íbúar kynna sér á vefnum hugmyndir annarra, rökræða þær og gefa þeim vægi sitt (hér gilda sömu reglur og á Betri Reykjavík). Allar hugmyndir og rökstuðningur úr ferlinu eru sett á samráðsvefinn til umræðu.

Stuðningur við hugmynd á þessu stigi hefur áhrif á það hvort hún eigi möguleika á að komast áfram í verkefnið Hverfið mitt 2017 þar sem fjármagni er úthlutað. Þó skal hafa í huga að jafnvel vinsælar hugmyndir geta verið slegnar út ef í ljós kemur að þær uppfylla ekki skilyrði um kostnað og framkvæmanleika. Mikilvægt er að hafa í huga að á þessu stigi er um undankeppni að ræða - stuðningur á samráðsvefnum er ekki endanlegt val. Það fer fram í rafrænni kosningu á sérstöku vefsvæði í október 2017.

Mat fagteymis

Fagteymi starfsfólks á umhverfis- og skipulagssviði byrjar að meta hugmyndir um leið og þær fara að berast á vefinn og hafa staðist skilyrði um atkvæðafjölda. Hugmyndirnar eru metnar út frá þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í söfnun hugmynda.

Hugmyndirnar geta orðið færri en 25 fyrir hvert hverfi ef ekki berast nógu margar hugmyndir í öllu ferlinu og/eða ef ekki tekst að fella þær að þeim skilgreiningum um hugmyndir sem hér er kallað eftir. Niðurstöðum fagteymis ásamt rökstuðningi verður miðlað við hverja hugmynd á samráðsvefnum í lok kosninganna og öllum þeim hugmyndum sem metnar eru tækar í kosningu en ná svo ekki kosningu verða færðar í óbreyttri mynd yfir á vefsvæði Þín rödd í ráðum borgarinnar.

Hverfisráð

Í maí 2017 funda hverfisráð með fulltrúum fagteymis umhverfis- og skipulagsráðs um mat þeirra á innsendum hugmyndum í hverfinu, og fara yfir verkefni í þeirri vinsældaröð sem þau birtast á samráðsvefnum. Hverfisráð skoða m.a. dreifingu verkefna um hverfið og hvaða verkefni munu falla út eftir yfirferð fagteymis. Telji hverfisráð að röðun þeirra verkefna sem eftir standa (allt að 25) sé með þeim hætti að verulega halli á ákveðna hverfishluta, getur það reynt að jafna leikinn með því að skipta út allt að 5 af 25 efstu verkefnum fyrir verkefni neðar á listanum (að því gefnu að verkefni séu fleiri en 25). Ráðið skal við þetta hafa í huga vinsældir þeirra hugmynda sem skipt er út. Miðað er við að niðurstaða hverfisráðanna liggi fyrir ekki síðar en 30. júní 2017.

Hverfakosning

Þegar verkefnum hefur verið stillt upp fyrir hvert hverfi gefst íbúum Reykjavíkurborgar kostur á að velja á milli allt að 25 verkefna í hverju hverfi. Valið fer fram á sérstöku vefsvæði þar sem notandi auðkennir sig með öruggum hætti (með Íslykli eða rafrænum skilríkjum) þar sem atkvæði er dulkóðað. Þannig er aldrei hægt að tengja atkvæði við einstaklinga. Þátttaka er opin öllum sem náð hafa 16 ára aldri þann 31.

desember 2017 og hafa lögheimili í Reykjavík þegar valið fer fram. Val verkefna stendur yfir í tvær vikur í október 2017 en fyrirkomulag verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Vakin er athygli á því að ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er tóku gildi 1. janúar 2012.

Framkvæmd verkefna

Verkefni verða hönnuð, boðin út og framkvæmd frá seinni hluta árs 2017 fram í september 2018 þegar gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki. Upplýsingum um framgang þeirra verður miðlað á vef Reykjavíkurborgar (Framkvæmdasjá) og á Betri Reykjavík..

Þeim hugmyndum sem ekki ná kosningu verður komið í ákveðinn farveg hjá Reykjavíkurborg, t.d. sem ábendingum til fagráða eða sem innleggi í skipulagssumræðu.

Allar þær hugmyndir sem hljóta kosningu og koma til framkvæmda verða merktar verkefninu eftir því sem kostur er.

Hvað ef ég get ekki notað samráðsvefinn?

Þau sem ekki geta sett fram hugmyndir á samráðsvef, s.s. vegna fötlunar, býðst á meðan á hugmyndasöfnun stendur að senda hugmyndir sínar með tölvupósti á betrireykjavik@ibuar.is eða með pósti stíluðum á Betri Reykjavík, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustumiðstöðvar í hverfunum eða þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 og óska eftir aðstoð.

Sett á samráðsvefinn Betri Reykjavík þann 28. febrúar 2017
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.